

Mánudaginn 9. desembermánaðar.
 Nr. 51/1895: Rjettvísinn
 gegn
 Eyjólfí Gíslasyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu 11. júlí þ. á. var hinn ákærði, vinnumaðar Eyjólfur Gíslason, dæmdur fyrir skjalfals samkvæmt 270. sbr. 63. gr. almennra hegningarlaga og með hliðsjón til 273. gr. þeirra, til að sæta 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til svaramanns síns í hjerði, Ágúst Th. Blöndal, 10 krónur. En dómi þessum hefur eptir ósk hins ákærða og af hálfu rjettvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að 19. des. 1893 skrifaði hann heimildarlaust undir nafni prestsins sjera Jóns Pálssonar á Ytri-Ey seðil þess efnis, að presturinn bað J. G. Möller kaupmann á Blönduósi að lána sjer 2 kr. út í reikning sinn handa ákærða. Sýndi ákærði seðilinn við verzlunina daginn eptir, en kaupmaður sá þegar í stað að seðillinn var falsaður og fjekk ákærði því ekkert út á hann. Það er á sama hátt sannað, að þegar ákærði átti leið um Skagastrandarverzlunarstað í janúarmánuði næsta eptir (1894), þá bjó hann til annan seðil undir nafni Sigvalda nokkurs Guðmundssonar húsmanns á Syðra-Hóli, þar sem Sigvaldi bað

verzlunarstjórann þar að hjálpa sjer um 2 stykki ($\frac{1}{2}$ pd.) af »Melange« eða »Moss Rose« út í reikning sinn, og sýndi ákærði verzlunarstjóranum seðilinn í því skyni að fá tóbakið út á hann, en verzlunarstjórinn ljét í ljósi við hann, að seðillinn mundi vera falsaður, og varð þá eigi af neinni úttekt út á hann. Tóbakið, sem seðillinn hljóðaði upp á, kostaði 60 a. í verzluninni. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi vitað, að Sigvaldi Guðmundsson, er nafnið átti undir seðlinum, hafi verið tóbakslaus, og þóttist ákærði gjöra það í greiðaskyni við hann að útvega honum tóbakið og hafa ætlað að færa honum það, en þessi sögusögn ákærða er ekki studd af neinu, er fram er komið í málinu, enda er verknáður ákærða saknæmur sem fals allt að einu. Seðillinn, sem ákærði gaf út undir nafni prestsins sjera Jóns Pálssonar, var svo úr gærði gjörður, að eigi var unnt að villast á honum eða ætla, að hann væri út gefinn af nokkrum menntuðum manni, enda sá kaupmaður það þegar í stað, að hann var falsaður.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot. Afbrot hans eru af undirdómaranum rjettilega heimfærð undir 270. sbr. 63. gr. almennta hegningarlaga og er hegningin fyrir þau með hliðsjón til 273. gr. sömu laga hæfilega ákveðin af undirdómaranum 4 × 5 daga fangelsi við vatn og braud. Yfirdómurinn fellst og á málskostnaðarákvæði undirdómsins, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Ákærða ber og að greiða áfrýj-

unarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Á fyrirtekt málsins í hjerði hefur orðið töluverður dráttur, en undirdómarinn álízt hafa rjettlætt hann nægilega. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjerði verið óaðfinnanlegur og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera :

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 25/1895 :

Sigfús Pjetursson
 gegn
 Birni Pjeturssyni og
 Sigtryggi Jónatanssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjerði höfðað af Sigfúsi Pjeturssyni, eiganda jarðarinnar Egilsholts eða Eyhildarholts í Skagafirði, gegn Birni Pjeturssyni og Sigtryggi Jónatanssyni, eigendum jarðarinnar Framness,